



Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjógung hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir  
lausnarinn himnum á,  
hann ræður öllu yfir,  
einn heitir Jesús sá,  
sigrarinn dauðans sanni  
sjálfur á krossi dó  
og mér svo aukum manni  
eilíft líf víst til bjó.

*Hallgrímur Pétursson*

MOLDUN



Ég lifi ' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

BLESSUN

ÚTGÖNGULAG

*Næturljóð  
Frederic Chopin*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson  
Organisti: Zsuzsanna Budai  
Söngur: Bjarni Atlason  
Útfararþjónusta Akraneskirkju  
Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug*



## *Sigurást Indriðadóttir*

*Fædd 29. júní 1928  
Dáin 13. mars 2021*



*Útför frá Leirárkirkju  
mánudaginn 29. mars 2021*

Tónlist fyrir athöfn

## FORSPIL

*Largo*  
G. F. Handel

## BÆN

Á hendur fel þú honum,  
sem himna stýrir borg,  
það allt, er áttu' í vonum,  
og allt, er veldur sorg.  
Hann bylgjur getur bundið  
og bugað storma her,  
hann fótstig getur fundið,  
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir  
og það í miskunn sér,  
sem hagsæld minni hnekkir,  
og hvað mér gagnlegt er,  
og ráð þitt hæsta hlýtur  
að hafa framgang sinn,  
því allt þér einum lýtur  
og eflir vilja þinn.

Ef vel þú vilt þér líði,  
þín von á Guð sé fest.  
Hann styrkir þig í stríði  
og stjórnar öllu best.  
Að sýta sárt og kvíða  
á sjálfan þig er hrís.  
Nei, þú skalt biðja' og bíða,  
þá blessun Guðs er vís.

Þig vantar hvergi vegi,  
þig vantar aldrei mátt,  
þín bjargráð bregðast eigi  
til bóta' á einhvern hátt.  
Þitt starf ei nemur staðar,  
þín stöðvar engin spor,  
af himni' er þú þér hraðar  
með hjálp og líkn til vor.

Mín sál, því örugg sértu,  
og set á Guð þitt traust.  
Hann man þig, vís þess vertu,  
og verndar efalaust.  
Hann mun þig miskunn krýna.  
Þú mæðist litla hríð.  
Þér innan skamms mun skína  
úr skýjum sólin blíð.

*Gerhardt - Björn Halldórsson*

## RITNINGARORÐ

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Villist ég vinum frá  
vegmóður einn,  
köld nóttin kringum mig,  
koddí minn steinn,  
heilög skal heimvon mín.  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

Árla ég aftur rís  
ungur af beð.  
Guðs hús á grýttri braut  
glaður ég hleð.

Hver og ein hörmung mín  
hefur mig, Guð, til þín,  
Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
::: Hærra, minn Guð, til þín, :::  
hærra til þín.

*Adams - Matthías Jochumsson*

## RITNINGARORÐ

Sefur sól hjá Ægi,  
sígur höfgi yfir brá,  
einu ljúflings lagi  
ljóðar fugl og aldan blá.  
Þöglá nótt í þínum örmum  
þar er rótt og hvíld í hörmum,  
þar er rótt og hvíld í hörmum,  
hvíldir öllum, öllum oss

Hljóða nótt ég halla höfði  
þreyttu' að barmi þér  
strjúk þú hlýrri hendi  
hægt og rótt um vanga mér.  
Lát þú sæta svefnródd óma  
syng oss þína töfrahljóma,  
syng oss þína töfrahljóma,  
færðu öllum hvíld og frið.

*Sígfús Einarsson -  
Sigurður Sigurðsson*

## GUÐSPJALL

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báru, brim og voðasker.  
nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Newman - Matthías Jochumsson*

## MINNINGARORÐ

Yndislega ættarjörð,  
ástarkveðju heyr þú mína,  
þakkarklökkva kveðjugjörð,  
kveð ég líf þitt, móðir jörð.  
Móðir bæði mild og hörð,  
mig þú tak í arma þína.  
Yndislega ættarjörð  
ástarkveðju heyr þú mína.

Faðir lífsins, faðir minn,  
fel ég þér minn anda' í hendur.  
foldin geymi fjötur sinn.  
Faðir lífsins, Drottinn minn,  
hjálpi mér í himin þinn  
heilagur máttur, veikum sendur.  
Faðir lífsins, faðir minn,  
fel ég þér minn anda' í hendur.

Blessuð sértu sveitin mín,  
sumar vetur, ár og daga!  
Engið, fjöllin, áin þín  
- yndislega sveitin mín! -  
heilla mig og heim til sín  
huga minn úr fjarlægð draga.  
Blessuð sértu, sveitin mín,  
sumar, vetur, ár og daga!

*Bjarni Þorsteinsson - Sigurður Jónsson  
frá Arnarvatni*

## BÆN

Faðir vor, þú sem ert á himnum,  
helgist þitt nafn,  
til komi þitt ríki,  
verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni.  
Gef oss í dag vort daglegt brauð  
og fyrirgef oss vorar skuldir  
svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.  
Eigi leið þú oss í freistni,  
heldur frelsa oss frá illu.  
Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.

*Albert Hay Malotte*

## FADIR VOR